



RLS

Ríkislögreglustjóri

ÁRSSKÝRSLA 2021

Starfsemi og rekstur



Útgefandi

Ríkislögreglustjóri

[www.logreglan.is](#)

[www.almannavarnir.is](#)

Ritstjórn

Helena Rós Sturludóttir og Marín Þórsdóttir

Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá

ríkislögreglustjóra tóku saman efnið

Útgefið

Nóvember 2024



RLS

| Ríkislögreglustjóri

Ríkislögreglustjóri

Ársskýrsla 2021

Starfsemi og rekstur


Efnisyfirlit

Ávarp ríkislögreglustjóra	5
Skipurit embættis ríkislögreglustjóra	6
Skrifstofa ríkislögreglustjóra	6
Húsnæði	6
Yfirlit yfir verkefni RLS 2021	7
Þjónustusvið	7
Sviðsstjóri þjónustusviðs	8
Samskiptastjóri	8
Workplace	8
Skjalastýring og móttaka	8
Afbrotatölfræði	9
Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu	9
Rannsóknir og þróun	10
Almannavarnir	11
Aurskriður á Seyðisfirði	11
Gos í Geldingadöllum	12
Varnargarðar	13
Covid-19	14
Apache Log4j	14
Alþjóðasvið	15
Europol	15
Interpol	15
Stoðdeild	15
Mannauðs-, menntunar- og þjálfunarsvið	17
Sí- og sérmenntun	18
Aðkoma erlendra sérfræðinga	18
Námskeið á vegum CEPOL	19
Erlendir lögreglunemar vegna samstarfs við CEPOL	19
Skólastjórafundur Norðurlandanna	19
Öryggismálasvið	20
Sérsveit	20
Yfirlit yfir helstu heimsóknir til landsins sem öryggismálasvið annaðist á árinu:	20
Greiningardeild	21
Fjarskiptamiðstöð	22
Landamærasvið	24
Áhrif Covid-19	24
Brexit	24
Landsgæðaúttektir (e. National Quality Control Mechanism)	25
Schengen-úttektir og aðgerðaáætlun	25
NFPOC (National Frontex Point of Contact)	25

Ávarp ríkislögreglustjóra

Embætti ríkislögreglustjóra fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna samkvæmt lögreglulögum. Árið 2021 byrjaði vel þar sem Covid-19 heimsfaraldurinn var á undanhaldi en þrátt fyrir það þurfti að huga að ýmsu í tengslum við faraldurinn. Allar takmarkanir innanlands vegna faraldursins voru felldar úr gildi um mitt sumar þar til í ágúst þegar faraldurinn tók sig upp að nýju.

Mörgum áföngum var náð á árinu. Í upphafi árs fékk embættið jafnlaunavottun auk þess sem jafnréttisvísir var unninn með ráðgjöfum frá Empower. Þá náðist samkomulag um stofnanasamning við lögreglumenn eftir mikla vinnu við gerð samninganna sem markar nýtt upphaf. Embættið skilaði inn uppfærðri rekstraráætlun í byrjun árs þar sem gert var ráð fyrir hækkunum vegna stofnanasamningsins og aðhaldskröfu ársins. Vegna hallarekstrar síðustu ára og aðhaldskröfu var róðurinn þungur þetta árið þar sem gæta þurfti aðhalds í hvívetna.



Áhersla var lögð á starfsmannamál, betri vinnutíma, heilsu og líðan starfsfólks. Styttning vinnuvikunnar tók gildi á árinu og fór í 36 klukkustundir. Sérsvéitarmönnum fjölgaði um sjö til átta starfsmenn. Þá voru húsnæðismálin á Skúlagötu einnig tekin fyrir og undirbúningur fyrir nýtt húsnæði fyrir viðbragðsaðila hélt áfram.

Í lok sumars hófst svo eiginleg stefnumótum embættisins til næstu fimm ára. Ný reglugerð um embættið tók gildi undir lok árs og var hún mikilvæg fyrir margra hluta sakir og meðal annars festi í sessi embættið í þeirri mynd sem það er nú.

Mörg stór verkefni voru unnin á árinu og er þjónustugáttin sem opnuð var formlega í byrjun desember sérlega mikilvæg. Gáttin er samstarfsverkefni LRH og embættisins og var því ýtt af stað á árinu 2019. Þjónustugáttin gerir þolendum kynferðisbrota kleift að fá beinan aðgang að sínu máli og stöðunni á því innan kerfisins. Eitt af því sem þolendur hafa gjarnan nefnt er hvað biðtíminn tekur á og með þessu móti er upplýsingagjöf lögreglu bætt verulega.


Í lok árs var innleiðing hinna svokölluðu farsældarlaga lögfest og er hlutverk lögreglunnar þar skilgreint sem einn af þjónustuveitendum í þessum mikilvægu lögum sem eiga að gera okkur fært sem samfélag að hlúa betur að börnum þegar þau þurfa á því að halda.

Þrátt fyrir að í upphafi árs hafi Covid-19 verið á undanhaldi þá var árið 2021 ár almannavarna og breytinga og það tókst vel til við úrlausn allra þeirra krefjandi verkefna sem embættið fékk til meðferðar. Það er hins vegar hvorki tilviljun né heppni, heldur vegna þess hversu gott og öflugt fólk starfar hjá og með embættinu.

Það er sama hvar gripið er niður, allar deildir hafa beint eða óbeint mannað verkefni hjá almannavörnum þetta ár sem nú kveður og lögreglan hefur unnið saman eins og ein stofnun. Á sama tíma hafa hefðbundin verkefni haft framgang, ný stefna verið mótuð og framþróun átt sér stað hvert sem litið er.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir

Skipurit ríkislögreglustjóra



Skrifstofa ríkislögreglustjóra

Húsnæði

Sameiginleg húsnæðismál viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu fengu talsverða athygli á árinu og var farið í breytingar á húsnæðinu. Haldnir voru fundir allra aðila með Framkvæmdasýslu og arkitektum og farið yfir einstök mál svo sem starfsmannaaðstöðu, útiaðstöðu og fleira. Þessi samvinna jók á tilhlökkun, þar sem markmið viðbragðsaðila er að horfa á verkefni og þjónustuna en ekki einstakar einingar og með sameiginlegu húsnæði verður sú sameiginlega sýn möguleg. Þá var unnið að endurbótum á Skúlagötunni. Starfsmannaaðstaðan var stórbætt.

Yfirlit yfir verkefni RLS 2021

Þjónustusvið

Í kjölfar skipulagsbreytinga á embætti ríkislögreglustjóra var stofnað nýtt svið, þjónustusvið, sem hefur hlutverk þvert á starfsemi embættisins og lögreglunnar í heild sinni. Starfsfólk sviðsins sinnir almennri og sértækri þjónustu við lögreglu, almenning og aðrar stofnanir. Meginhlutverk innan sviðsins er að sinna stoðþjónustu á sviði tölvu- og tæknimála, samskipta og gagnavísinda og greininga. Með breyttu skipuriti sem tók gildi á haustmánuðum 2020 voru verkefni þjónustusviðs eftirfarandi:

- Afbrotatölfræði/BI-greiningar
- Innri og ytri samskipti og samskiptamiðlar
- Tölvu- og tæknirekstur og þjónusta
- Móttaka erinda og afgreiðsla þeirra
- Skjalavarsla og frágangur

Þjónustusvið ber ábyrgð á og rekur allt miðlægt tölvukerfi lögreglu, ákærvalds og Útlendingastofnunar. Sviðið ber sömuleiðis ábyrgð á lokuðu viðneti lögreglunnar og þeim gagnaflutningi og gagnasamskiptum sem fram fara á því neti. Þá heyrja samskiptamál undir sviðið; má þar nefna samskipti við fjölmiðla, ábyrgð á rekstri innra og ytra nets lögreglu og móttaka erinda frá stofnunum og einstaklingum. Þjónustusvið ber ábyrgð á útgáfu tölfræðiupplýsinga og greininga og sinnir gerð þolendakannana.

Eitt stærsta verkefni þjónustusviðs er umsjón og eftirlit með upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE, auk þróunar á kerfinu. Sviðið ber einnig ábyrgð á viðhaldi og þróun á öðrum upplýsingatæknikerfum, s.s. ökuskiptakerfi, skotvopnakerfi, sakaskrá (í eigu ríkissaksóknara) og nýju landamærakerfi.

Þá ber þjónustusvið ábyrgð á framþróun og viðhaldi á alþjóðlegum kerfum sem tengjast Schengen samstarfinu (SIS II, VIS, Eurodac, EES og ETIAS) og samþættingu grunnkerfa. Auk þess ber sviðið ábyrgð á samstarfi og samskiptum við systurstofnanir vegna upplýsingaskipta, s.s. Þjóðskrá, Samgöngustofu, Útlendingastofnun og sýslumenn. Þá sinnir þjónustusvið þeim verkefnum er snúa að sjálfvirknivæðingu gagnafláðis, bæði innan stofnunar og á milli stofnana.

Þjónustusvið ríkislögreglustjóra annast kaup og uppsetningu allra útstöðva á tölvunetinu utan höfuðborgarsvæðisins og sinnir viðhaldi og endurnýjun á þeim. Bakvakt sinnir bilunum sem valda því að upplýsingakerfi verða óvirk á landsvísu, starfsstöðvar lögreglu verða netsambandslausar o.s.frv. Sviðið kallar til ytri þjónustuaðila ef þörf er á. Embættum og stofnunum á tölvuneti lögreglunnar er ekki heimilt að kalla til aðra þjónustuaðila en þá sem hafa hlotið vottun til starfa. Heildarfjöldi starfsmanna á viðneti lögreglunnar er um 1.150.

Almenn þjónusta við embætti og almenning, afbrotufræði/BI-greiningar, samskiptastjóri, upplýsingamiðstöð, afgreiðsla/þjónustuver og skjalamál.

Sviðsstjóri þjónustusviðs

Við upphaf árs 2021 var Rannveig Þórisdóttir ráðin sviðsstjóri þjónustusviðs. Hún starfaði áður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hún hefur átt langan og farsælan feril.

Samskiptastjóri

Í desember 2021 hóf Gunnar Hörður Garðarsson störf sem samskiptastjóri. Áður starfaði Gunnar Hörður sem aðstoðarmaður þingflokks Samfylkingarinnar.

Workplace

Workplace var opnað fyrir allt starfsfólk RLS og er hugsað sem samfélagsmiðill til að auðvelda samskipti og samtöl og hefur eingöngu starfsfólk lögreglu þar aðgang. Teams verður notað sem eins konar verkefnaborð.


Skjalastýring og móttaka

Á síðasta ári, 2020, hófst annað rafræna skjalatímabilið í skjalavörslukerfinu GoPro Foris sem lýkur árið 2024. Áfram var áhersla á að skila inn fyrstu rafrænu vörsluútgáfunni til Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árin 2016 til 2019 og lauk því um mitt ár 2021.

Heildarfjöldi mála fyrir árin 2019 til 2022 er 6.756.

Fjöldi mála í skjalavörslukerfinu GoPro Foris fyrir árin 2019–2021 er 2.361.

Þrátt fyrir að heimsfaraldur Covid-19 væri á undanhaldi á árinu hélt skráning áfram á málalykilinn Covid-19 til að auðvelda leit og aðgengi að þessum skjölum til framtíðar.



Afbrotatölfræði

Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu

Ár hvert er gefin út skýrsla um afbrotatölfræði þar sem birtar eru staðfestar tölur um afbrot ársins á undan samkvæmt LÖKE. Bráðabirgðatölur eru birtar í byrjun hvers árs fyrir árið á undan, áður en skýrslan um staðfestar tölur er gefin út um mitt ár. Í báðum skýrslum eru birtar greiningar eftir helstu brotaflokkum.

Árið 2021 voru skráð um 185 þúsund mál sem fela í sér öll verkefni eða afbrot hjá lögreglunni á landinu öllu. Jafngildir það ríflega 500 málum á hverjum sólarhring og meira en 20 málum á hverri klukkustund. Fjölgaði skráðum málum af öllum tegundum um tæplega 12% frá árinu 2020 og gæti það átt sér skýringar í Covid-19 heimsfaraldrinum, t.d. sést það í færri umferðarlagabrotum það ár.

Lögreglu bárust tæplega 83 þúsund tilkynningar um brot árið 2021. Af þeim voru um 13.500 hegningarlagabrot, rúm 5.000 sérrefsilagabrot og um 64.000 umferðarlagabrot. Hraðakstursbrot eru yfir 62% af öllum skráðum brotum. Að undanskildum hraðakstursbrotum voru að meðaltali skráð 85 brot á dag á landsvísu. Hegningarlagabrot voru 7% fleiri en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan, sérrefsilagabrot voru um 9% færri og umferðarlagabrot 8% færri. Langstærstur hluti hegningarlagabrot á sér stað í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 80%. Á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum voru skráð 5% brota í hvoru umdæmi. Ef lítið er nánar til brota á höfuðborgarsvæðinu má sjá að heilt yfir bárust um 7% fleiri tilkynningar um brot árið 2021 en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.

Auðgunarbrot eru rétt innan við helmingur tilkynntra hegningarlagabrot og fjölgaði þeim lítillega miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Aðeins færri tilkynningar bárust um innbrot árið 2021 en árin á undan. Um 40% tilkynntra innbrota voru á heimili og fjölgaði slíkum tilkynningum nokkuð á milli ára.

Um 2.000 tilkynningar bárust um ofbeldisbrot sem er um 11% fjölgun frá síðustu þremur árum á undan. Bæði fjölgaði minniháttar (217. gr.) og stórfelldum (218.2 gr.) líkamsárásam. Fjöldi heimilisofbeldismála var svipaður og árið á undan eða um 1.100 tilvik sem jafngildir að meðaltali um þremur tilvikum á dag.

Tæplega tvö kynferðisbrot voru tilkynnt að meðaltali á dag (646 brot) og fjölgaði tilkynningum um fjórðung frá fyrra ári. Um það bil tvö af hverjum þremur kynferðisbrotum áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu á árinu. Tilkynningum um nauðganir fjölgaði um þriðjung frá árinu 2020 sem má mögulega rekja til þess að 2020 einkenndist af samkomutakmörkunum, en fjöldi tilkynninga árin 2019 og 2021 var svipaður.

Fíkniefnabrot voru tæplega fimmtungi færri en síðustu þrjú ár á undan og helgast það ekki síst af fækkun skráðra vörslubrot, en einnig af fækkun í framleiðslu og sölu fíkniefna. Aftur á móti varð umtalsverð aukning á innflutningi fíkniefna, 281 skráð brot árið 2021 samanborið við 159 að meðaltali síðustu þrjú ár á undan. Aldrei hefur meira magn marjúána verið haldlagt á einu ári en 2021, eða um 140 kg.

Rannsóknir og þróun

Embættið fylgist með þróun afbrota á landsvísu en tveir meginmælikvarðar eru notaðir til þess. Annars vegar er gerð ýmis konar greining á tölum úr málaskrárkerfi lögreglunnar (LÖKE). Hins vegar stendur embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að gerð þolendakönnunar, þar sem reynsla almennings af afbrotum er könnuð og í hve miklum mæli brot eru tilkynnt til lögreglu. Í könnuninni var einnig spurt um viðhorf til lögreglu og öryggistilfinningu landsmanna.

Kannanirnar má nálgast undir eftirfarandi hlekkjum:

[Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu \(logreglan.is\)](#)

Þá var viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu 2021 og aðgerða vegna Covid-19 einnig kannað.

[Allt-landid_Vidhorf-landsmanna-til-starfa-logreglu-konnun-2021.pdf \(logreglan.is\)](#)

Þá var spurt um reynslu landsmanna af afbrotum og öryggistilfinningu. Könnunin var gerð vorið 2020 og birt í febrúar á þessu ári.

[4% landsmanna að verða fyrir kynferðislegri myndbirtingu eða hótun um slíkt – aukning | Lögreglan \(logreglan.is\)](#)

Almannavarnir

Alvarlegir atburðir af völdum náttúrunnar eða af mannavöldum gera jafnan ekki boð á undan sér og geta haft viðtækar afleiðingar í för með sér fyrir íbúa og samfélag. Liður í þjálfun og æfingum viðbragðsaðila almannavarna er að líkja eftir atburðum sem gætu átt sér stað og bregðast við þeim eins og um raunatburð væri að ræða. Almannavarnir voru áfram í kastljósinu á árinu 2021 vegna heimsfaraldursins og náttúruhamfara en deildin sinnir einnig ýmsum öðrum atburðum, til að mynda lýsti ríkislögreglustjóri í samráði við netöryggissveit CERT-IS og Fjarskiptastofu yfir óvissustigi almannavarna vegna Log4j veikleikans í desember. Unnið var samkvæmt viðbragðsáætlun almannavarna og CERT-IS um verndun ómissandi upplýsingainnviða. Frá því að veikleikans varð vart unnu rekstraraðilar, netöryggissveitin, Fjarskiptastofa og aðrir viðbragðsaðilar sleitulaust að því að lágmarka þann skaða sem veikleikinn gæti valdið.

Aurskriður á Seyðisfirði

Aurskriður féllu á Seyðisfjörð í lok árs 2020 og skildu eftir mikla eyðileggingu í bænum. Hafist var handa í upphafi árs við hreinsunartörf og byggingu varnargarða og teygði sú vinna sig inn í árið. Hættuástand almannavarna gilti út janúar á Seyðisfirði. Í febrúar var hættustigi aflýst og vöktun hafin. Þó þurfti að rýma fjörðinn í febrúar vegna snjóflóðahættu. Flekahreyfingar voru á Seyðisfirði sem urðu til þess að rýma þurfti bæinn í októbermánuði. Rýmingu var aflétt um miðjan mánuð og hættustigi aflétt í kjölfarið. Þrátt fyrir það voru íbúar á Seyðisfirði hvattir til varkárni í kringum hættusvæðið.





Gos í Geldingadölum

Gos hófst á Reykjanesi við Fagradalsfjall þann 19. mars en undanfarar gossins voru miklar skjálftahrinur sem höfuð staðið yfir á Reykjanesinu, höfuðborgarsvæðinu sem og í Árnassýslu. Í kjölfar funda vísindaráðs almannavarna var það mat vísindamanna að gosstöðvarnar væru litlar og talið var að gosið ógnaði hvorki mannvirkjum né byggð en á sama tíma var ekki vitað um hvenær gosinu lyki. Í framhaldi af því ákvað ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjóran á Suðurnesjum að lækka almannavarnastig úr neyðarstigi niður á hættustig. Opnað var fyrir aðgengi að gosstöðvunum í Geldingadölum. Á sama tíma og aðgengi var opnað var athygli vakin á því að smitum vegna Covid-19 hafði fjölgað verulega og ferðafólk hvatt til ýtrustu varkárni og brýnt að viðhafa persónulegar sóttvarnir.

Í apríl var mengun vegna gossins farin að segja til sín og íbúar í Vogum á Vatnsleysuströnd beðnir um að huga að því að verjast menguninni með því að loka gluggum. Á sama tíma var birt kort af hættusvæðinu, enda um síbreytilegt landslag að ræða og ágangur ferðamanna á gossvæðinu töluverður. Vert er að hafa í huga að mánuðina á undan voru landsmenn hvattir til að halda sig heima við og njóta útivistar vegna Covid-19. Áhugi Íslendinga á eldgosum hefur alltaf verið mikill en nú þegar lítið var um mannamót og fólk hvatt til þess að vera utandyra var aukinn áhugi á því að berja eldgosið augum.

Þegar vora tók og þurrkar urðu meiri var lýst yfir óvissustigi almannavarna vegna hættu á gróðureldum nærri gosstöðvunum. Almennigur var hvattur til að sýna aðgát með opinn eld á svæðinu og þar sem gróður var þurr. Vísindaráð almannavarna og viðbragðsaðilar fylgdust grannt með gangi gossins og aðgangi að svæðinu var stýrt af lögreglu og almannavörnum með góðri aðstoð björgunarsveita.



Varnargarðar

Þá var hafist handa við að undirbúa varnarmannvirki ofan við Nátthaga. Þessi vinna var í samstarfi við lögreglustjórn á Suðurnesjum, almannavarnir í Grindavík og Grindavíkurbæ. Byggðir voru tveir fjögurra metra háir varnargarðar ofan við Nátthaga þar sem möguleiki var að hækka þá upp í átta metra ef þess gerðist þörf síðar. Þá var ákveðið í samráði við Grindavíkurbæ og aðgerðastjórn að ráðast í gerð leiðigarðs syðst í Geldingadölum og varnargarðs sem myndi minnka líkur á, eða seinka verulega, að hraun fari niður í Nátthagakrika. Leiðigarðurinn var með sömu hönnun og varnargarðarnir sem voru reistir ofan við Nátthaga.

Engir mikilvægir innviðir voru beint við gosstöðvarnar sjálfar en Suðurstrandarvegur og ljósleiðari eru sunnan við gosstöðvarnar. Ljóst var að þeir innviðir gætu verið í hættu ef gosið héldi áfram. Vegna þessa var gripið til mótvægisáðgerða með því að setja upp varnargarð ofan við Nátthaga. Sú áðgerð fólst í því að tefja framgang hraunsins og seinka því að það kæmist að Suðurstrandarvegi. Á þeim tíma jókst hraunflæðið frá gosinu um 100 prósent og mikið magn af hrauni kom að görðunum. Viku síðar fór hraun að renna yfir vestari garðinn og nokkru síðar þann eystri. Þrátt fyrir það stóðust báðir garðarnir áganginn og er það merki um að sú hönnun hafi virkað vel við þessar aðstæður.

Eldgosinu sem hófst í Geldingadölum 19. mars lauk ekki fyrr en hálfu ári síðar, eða þann 18. september. Á þeim tíma hefur gosið skipt um takt nokkrum sinnum. Nýir gígar opnast og lokast, hraunrennslið aukist og samsetning þess breyst. Óvissustigi var aflétt vegna eldgoss í Geldingadölum í desember en þann 22. desember hófst ný jarðskjálftahrina við Fagradalsfjall. Skjálftamælingum svipaði til mælinga í aðdraganda gossins sem hófst 19. mars fyrr á árinu. Í kjölfarið voru virkjuð SMS skilaboð til þeirra sem voru á svæðinu svo hægt yrði að gera þeim viðvart hverju sinni.



COVID-19

Árið byrjaði nokkuð vel og var Covid-19 á undanhaldi. Má segja að þriðja bylgja Covid-19, sem hafði gert vart við sig í október 2020, hafi liðið undir lok í febrúar 2021 og í maí færðu almannavarnir stig alvarleika af neyðarstigi niður á hættustig. Sveiflur í fjölda Covid-smita einkenndu árið, ýmist var hert eða slakað á reglum eftir því hvernig útbreiðsla smita í samfélaginu þróaðist. Mesti fjöldi Covid-19 tilfella sem greindist á árinu var þann 20. júlí og opnaði Rauði krossinn þá annað farsóttarhús til að taka á móti þeim einstaklingum sem ekki gátu verið í einangrun á eigin vegum.

Bólusetningar við veirunni hófust í upphafi árs og fólki var forgangsraðað í þær eftir því hver voru líklegri en önnur til að vera útsett fyrir smiti. Áhersla var lögð á að bólusetja fólk í framlínustörfum.

Apache Log4j

Í desember uppgötvaðist alvarlegur veikleiki í hugbúnaði sem kallast Apache Log4j sem er Java kóðasafn og er víða í notkun og getur veitt djúpan og ríkan aðgang að ýmsum innri kerfum. Í kjölfarið virkjuðu Fjarskiptastofa og CERT-IS samhæfingarferli vegna þessa. Athygli var vakin á alvarleika málsins og voru hagsmunaaðilar og rekstraraðilar mikilvægra innviða hvattir til að bregðast skjótt og vel við.

Alþjóðasvið

Europol

Europol gaf út Internet Organised Crime Threat Assessment (IOCTA) á árinu. Skýrslan er stefnumiðuð greining fyrir löggæslu um þróun netbrota og mat á þeirri ógn sem blasir við. Í IOCTA 2020 kom fram að netbrot væru þróun en ekki bylting og þó það sé enn rétt hafa aðstæður síðasta árið hraðað þróun netbrota. Það sem varað var við í IOCTA 2020 hefur raungerst hraðar en reiknað var með. Til að berjast gegn ógnum þarf lögregla að geta haft skjótan aðgang að gögnum og geta stundað löglegar flugumannaáðgerðir (undercover operations) á netinu til að vinna að því að tryggja öryggi samfélagsins.

Í IOCTA 2021 kemur einnig fram að starfsfólk löggæslustofnana í Evrópu þurfi meiri þjálfun og tækjabúnað til að hafa getu til að afhjúpa og trufla brotastarfsemi á stafræna sviðinu. Þá er mikilvægt að halda áfram að bæta læsi og vitund um upplýsingatækni þar sem netglæpir eru orðnir rötgrónir í samfélaginu. Meðal atriða sem koma fram í skýrslunni er hvernig verið er að nota tölvubúnað á borð við ransomware til að ná yfirráðum yfir netkerfum fyrirtækja og stofnana og í kjölfarið er fjárfestingunum beitt. Þá virðist sem aukning sé á nettælingu á samfélagsmiðlum hér á landi og í tölvuleikjum og einnig má greina aukningu á barnaníðsefni. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að fjárfestingasvik eru að aukast svo fáein dæmi séu tekin.

Interpol

Þá var allsherjarþing Interpol haldið í Tyrklandi á árinu en Ísland átti 50 ára aðildarafmæli á þessu ári. Á þinginu kynnti Interpol nýja uppfærslu á DNA gagnagrunni sínum sem er gerður einkum til að vinna betur að fjölskyldusameiningum.

Stoðdeild

Covid-19 hélt áfram að hafa áhrif á störf stoðdeildar líkt og annars staðar í samfélaginu en vegna ferðatakmarkana var ekki hægt að halda úti starfi deildarinnar með eðlilegum hætti. Helstu verkefni deildarinnar eru að framkvæma fylgdir úr landi samkvæmt ákvörðunum Útlendingastofnunar. Verkefni deildarinnar eru helst brottflutningur fyrrum umsækjenda um alþjóðlega vernd sem ekki fara sjálfviljugir af landi brott sem og fangaflutningar, framsöl og einstaklingar í ólögumætri dvöl. Á árinu störfuðu 10 manns hjá deildinni, 9 lögreglufulltrúar og einn sérfræðingur.

Vegna þess að starfsemi deildarinnar raskaðist talsvert vegna faraldursins voru starfsmenn deildarinnar færðir til í starfi og sinntu meðal annars smitakningu almannavarna þar sem þörf var á liðsafla í þau verkefni. Þrátt fyrir það var alls 122 verkbeiðnum lokið á árinu en það eru 15% fleiri en árinu áður. Af þeim verkbeiðnum sem bárust lauk 66 þeirra með fylgd úr landi, ýmist alla leið eða á millilendingarstað.


Lokin mál 2021

	Með fylgd	Án fylgdar	Samtals
Brottvísun hælisleitenda/annarra	17	8	25
Dublin-mál	12	9	21
Vernd í öðru landi	16	24	40
Framsál	4	0	4
Frávísun	14	14	28
Aðrir*	3	1	4
	66	56	122

*Brottvísun fanga, ólögleg dvöl, EAW, ekki skráð, fangaflutningar, NAW

Hér má sjá samanburð á fylgdum stoðdeildar á milli ára 2020 og 2021.

Brottvísanir með fylgd



Mannauðs-, menntunar- og þjálfunarsvið

Metnaður var lagður í mannauðsmál á árinu og í upphafi árs náðist mikilvægur árangur þegar embættið hlaut jafnlaunavottun og í framhaldi af því hófst vinna við jafnréttisvísi embættisins. Fengnir voru ráðgjafar frá Empower sem komu á starfseiningar embættisins eftir því sem sóttvarnareglur leyfðu og tóku út vinnuáðstöðuembættisins. Í mars var unnið að breyttu vaktakerfi þar sem lagt var upp með að vaktir verði ekki lengri en átta tímar. Í kjölfarið var lögð áhersla á að öll embætti tækju upp valfrjálst vaktakerfi, þar sem slíkt var ekki til staðar.

Ágústa H. Gústafsdóttir var formlega ráðin til starfa sem mannauðsstjóri embættisins í júlí og í kjölfarið var innleitt mannauðskerfið Orri og markvissara kerfi í kringum ráðningar. Þá var áhersla lögð á að byggja faglega mannauðsstjórnun frá grunni og vinna að stefnumiðaðri mannauðsstjórnun hjá embættinu. Þessar áherslur urðu til þess að innleiddur var mannauðshluti Oracle kerfisins og farið var í innleiðingu á stöðluðu ráðningarferli.

Mannauðsárið í tölum				
	Starfsmanna- fjöldi	Kynjahlutföll	Lögreglumenn	Almennir starfsmenn
2020	158	79%	113	45
2021	192	75%	133	59

	Starfsmannavelta	Ársverk	Hlutfall tapaðra vinnustunda
2020	6,15	148,24	2%
2021	13,52	168,97	4%



Sí- og sérmenntun

Útgefin fræðsludagskrá Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu (MSL) riðlaðist sökum Covid-19 og þurfti að endurskipuleggja fræðslu með tilliti til aðstæðna. En eftir reynslu síðasta árs af Covid-19 reyndist auðveldara fyrir starfsfólk MSL og kennara að halda sjó og færa hluta þeirrar fræðslu er áætluð var í staðnámi og aðlaga hana rafrænu námskeiðahaldi.


Í lengra námi MSL voru tvær námslínur haldnar: Stjórnendanám fyrir stjórnendur vakta í almennri löggæslu og Rannsóknir kynferðisbrota. Námslínurnar taka 5–6 mánuði og samsvara 10 ECTS einingum. Vegna Covid-takmarkana þurfti að endurskoða staðlotur og færa í rafræna kennslu. Útskrifaðir voru 26 varðstjórar úr Stjórnendanámi fyrir stjórnendur vakta í almennri löggæslu. MSL í samstarfi við Proskahjálp og önnur félagasamtök hóf vinnu við að gera stutt fræðslumyndbönd um samskipti lögreglu við fatlaða einstaklinga.

Alls voru um 50 viðburðir á árinu sem skipta má í sérhæfð námskeið, lengra nám, vinnustofur og þjálfunarstig lögreglu sem á vorönn voru framkvæmd af sérsvait ríkislögreglustjóra en öll þjálfun fyrir þjálfunarstig fluttist yfir til MSL á haustönn 2021. Þjálfun á þjálfunarstigum lögreglu eru skyldunámskeið fyrir lögreglumenn sem eru skilgreindir á þjálfunarstigum 2 og 3.

Alls sóttu um 950 þátttakendur fræðslu á vegum MSL.

Aðkoma erlendra sérfræðinga

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir á þessu tímabili náði MSL að halda nokkra viðburði þar sem erlendir sérfræðingar miðluðu þekkingu sinni til lögreglunnar. Í september var haldin vinnustofa um mansal þar sem Rudolf Christoffersen saksóknari í Bergen og Carina Arntzen rannsóknarlögreglumáður fóru yfir rannsókn og saksókn mansalsmála í Noregi. Einnig var haldin vinnustofa um tryggingasvik þar sem Christina Rooth sérfræðingur frá lögreglunni í Osló og Harald Bjerke tryggingasérfræðingur frá Finans Norge fjölluðu um samvinnu norsku lögreglunnar og einkageirans við að verjast tryggingasvikum. Í samstarfi við tengslafulltrúa Íslands hjá Europol komu hingað 27 fulltrúar DEA (Drug Enforcement Administration) og héldu fjölmennt námskeið um skipulagða glæpastarfsemi og eiturlyfjasmygl.



Sérfræðingar í skýrslutökum frá Skotlandi og Bandaríkjunum, Wayne Thomas og Lorey Roukema, héldu í MSL seinni hluta leiðbeinendanámskeiðs (Train the Trainers) í skýrslutökum af sakborningum (Subject Focused Interviewing). Útskrifaðir voru 11 leiðbeinendur frá 6 lögregluembættum.

Einnig var haldið fjögurra daga skýrslutökunámskeið sem Wayne og Lorey ásamt nýjum leiðbeinendum héldu fyrir rannsakendur. Í desember var haldið námskeið í kennslu- og þjálfunarfræðum fyrir þjálfara lögreglu þar sem farið var yfir aðferðafræði spennulækkandi stjórnunar á vettvangi. Steve Poplawski og Donald Howard Beck valdbeitingarþjálfarar frá Kanada kenndu og þjálfuðu íslenska valdbeitingarþjálfara lögreglu.

Námskeið á vegum CEPOL

Löggæslumenntastofnun Evrópusambandsins (CEPOL) er miðlægt menntasetur fyrir starfsfólk lögreglu í löndum Evrópusambandsins. MSL gerði í árslok 2016 samning við CEPOL sem gerir starfsfólki lögreglunnar á Íslandi kleift að sækja sér námskeið og fræðslu. Námskeiðin eru bæði vefnámskeið og staðnámskeið sem haldin eru víðsvegar um Evrópu. Undanfarin ár hefur CEPOL lagt mikla áherslu á vefnámskeið þar sem starfsfólk lögreglu getur tekið þátt í fjölbreyttu framboði námskeiða á sinni starfsstöð. Þetta fyrirkomulag hentar einkar vel og eykur aðgengi lögreglunnar að sérhæfðum fræðslufyrirlestrum á vegum CEPOL. Á árinu 2021 nýttu um 60 starfsmenn lögreglu sér vefnámskeið CEPOL en fimm starfsmenn lögreglu sóttu staðbundið námskeið á vegum CEPOL. Þátttakendur eða vinnustaðir þeirra þurfa að greiða fyrir ferðir og upphald þátttakenda en engin námskeiðsgjöld eru innheimt af CEPOL. Allar upplýsingar og námsframboð CEPOL er aðgengilegt á innri vef lögreglunnar og vefsíðu MSL. Tengiliðir aðildarlanda CEPOL funda tvisvar á ári í Búdapest þar sem höfuðstöðvar CEPOL eru staðsettar og sótti fulltrúi MSL þá fundi rafrænt í apríl og í Búdapest í október.

Erlendir lögreglunemar vegna samstarfs við CEPOL

MSL, ásamt Háskólanum á Akureyri, er samstarfsaðili lögregluskólanna á Norðurlöndunum undir formerkjum Nordcop. Samstarfið hefur staðið í langan tíma undir formerkjum samstarfs ríkislögreglustjóra Norðurlandanna og er fjármagnað af ríkislögreglustjórunum en hefur einnig verið styrkt af Nordplus. Samstarfið miðar að því að efla grunnám til starfsréttinda í lögreglustarfi með því að þróa sameiginlega námsþætti og námsefni, s.s. á sviði tölvubrota, aksturs með forgangi, aðgerðaþjálfunar og landamæraeftirlits. Fulltrúi MSL í Nordcop-samstarfinu fundar með fulltrúum Norðurlandanna tvisvar á ári. Þá eru nemendaskipti mikilvægur þáttur í samstarfinu og árlega hefur verið tekið á móti lögreglunemum frá Norðurlöndunum en vegna Covid-aðstæðna voru engin nemendaskipti þetta árið.

Skólastjórafundur Norðurlandanna

Haldnir voru fjarfundir vegna Covid-aðstæðna sem norski lögregluskólinn stýrði. Á fundunum var farið yfir helstu breytingar og nýjungar í náminu hjá hverju landi frá síðasta fundi. Fulltrúar lögreglumenntastofnananna fóru yfir hvernig gengið hafði að kenna og þjálfa lögreglunema á Covid-tímum. Farið var yfir Nordcop-samstarfið og þau verkefni sem í gangi höfðu verið og hugmyndir ræddar um næstu verkefni og styrkumsóknir þeim tengdar til Nordplus.

Öryggismálasvið

Sérsvait

Verkefni sérsvaitarinnar voru 524 á árinu, eða einu fleiri en á síðasta ári. Sérsvait ber skotvopn að staðaldri og sinnir þannig öllum verkefnum sínum vopnuð.



Þjálfun á árinu var nokkuð hefðbundin hjá sérsvait þar sem nýliðanámskeiði lauk árinu áður. Heimsfaraldurinn hafði sett strik í reikninginn og var því mikil áhersla lögð á grunnþjálfun sérsvaitar og almenn vopnamál. Sérhóparnir héldu sín reglubundnu námskeið sem koma m.a. að sjóaðgerðum, sigaðgerðum, klifri og skyndihjálpi ásamt roftækni og riffilaðgerðum. Roftækna tileinkuðu sér notkun á nýjum búnaði frá Libervit sem fékkst í gegnum aðild okkar að Atlas-samstarfinu. Hefðbundin þjálfun var hjá sprengjusérfræðingum, hundadeild, tæknihóp og samningahóp sérsvaitar.

Sérsvait æfir og þjálfa samkvæmt skilgreindum námslínunum, hver með sína megináherslu. Um árlega sífelluþjálfun er að ræða og sækja sérsvaitarmenn tvær eða fleiri námslínur yfir árið, allt eftir áherslum þeirra innan sveitarinnar.

Töluverð aukning hefur átt sér stað í útköllum sérsvaitar þar sem tilkynnt er um vopnaða einstaklinga eða hópa, einna helst er um að ræða hnifa eða skotvopn. Hefur aukningin verið þannig:

2020: 308 tilkynningar eða 52.5% aukning frá árinu 2019 (202).

2021: 320 tilkynningar eða 4% aukning frá árinu 2020 (308).

Þá hefur líkamstjón og manndráp aukist til muna samhliða ofangreindum tilkynningum og er það oftast vegna beitingar vopna þegar einstaklingar eða hópar takast á.

2020: 39 tilvik eða 117% aukning frá árinu 2019 (18).

2021: 52 tilvik eða 33% aukning frá árinu 2020 (39).

Yfirlit yfir helstu heimsóknir til landsins sem öryggismálasvið annaðist á árinu:

- **Heimsókn Andrew Lewis flotaforingja 28. febrúar–3. mars.**
Sérsvait annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum og viðkomustöðum flotaforingjans.
- **Ráðherrafundur Norðurskautsráðsins 19.–20. maí.**
Utanríkisráðherrar Bandaríkjana, Rússlands, Danmerkur, Finnlands, Kanada, Noregs og Svíþjóðar sóttu fundinn. Mjög umfangsmiklar öryggisráðstafanir á fundarstað í Hörpu og á gististöðum ráðherranna. Fjöldi erlendra vopnaðra lífvarða fylgdu ráðherrunum.
Sérsvait annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum, fundarstað, viðkomustöðum og gististöðum ráðherranna og öryggisleitir á þessum stöðum. LRH annaðist forgangsfylgdir á öllum ferðum ráðherranna.

- **Heimsókn Sviatlana Tsikhanouskaya 1.–14. júlí.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum, viðkomustöðum og gístað og öryggisleitir á þessum stöðum. Í för með gestinum voru tveir vopnaðir lífverðir.
- **Heimsókn bandarískra hæstaréttardómara 15.–31. júlí.**
Sérsvleit annaðist varðgæslueftirlit við gístað og fyrirlestrarvettvang í HÍ.
- **Heimsókn formanns hermálanefndar NATO 14.–16. október.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum og viðkomustöðum hershöfðingjans og LRH annaðist umferðarfylgdir. Sérsvleit annaðist öryggisleit á gístað og viðkomustöðum.
- **Heimsókn krónprins Danmerkur 12.–13. október.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum, viðkomustöðum og gístað krónprinsins og öryggisleitir á þessum stöðum. LRH annaðist forgangsfylgdir á ferðum.
- **Heimsókn aðstoðaryfirmanns herafila NATO 10.–11. nóvember.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum og viðkomustöðum hershöfðingjans.

Greiningardeild

Greiningardeild skílaði fjórum skýrslum á árinu, þær má nálgast undir eftirfarandi hlekkjum:

- Skýrsla greiningardeildar um hryðjuverkaógn [Hryðjuverkaógn gagnvart Íslandi \(logreglan.is\)](https://logreglan.is)
- Skýrsla greiningardeildar um ofbeldi gegn öldruðum [Ofbeldi-gegn-oldrudum.pdf \(logreglan.is\)](https://logreglan.is)
- Skýrsla greiningardeildar: Áhættumat vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka 2021 [Ahaettumat-2021-lokautgafa.pdf \(logreglan.is\)](https://logreglan.is)
- Skýrsla greiningardeildar um skipulagða brotastarfsemi á Íslandi [Skipulagd-brotastarfsemi-a-Islandi-2021.pdf \(logreglan.is\)](https://logreglan.is)



Fjarskiptamiðstöð


Ríkislögreglustjóri starfrækir fjarskiptamiðstöð sem þjónar öllu landinu og hefur verið starfrækt frá árinu 2000. Aðstoðaryfirlögregluþjónn fer með daglega stjórn deildarinnar en auk þess eru tveir aðalvarðstjórnar í dagvinnu sem aðstoða við daglega stjórnun og rekstur.

Það eimir enn af áhrifum Covid-19 á starfsemi FMR og því gríðarlega mikilvægt að standa vörð um starfsemi og tryggja samfellu í þjónustu og rekstri allan sólarhringinn, allt árið. Sem fyrr var allt kapp lagt á að verja FMR og var heimsóknarbanni viðhaldið auk annarra sóttvarnarráðstafana.

Varstöð var áfram starfrækt á Krókhálsi í húsnæði MSL og var sú aðstoða nýtt fyrir hluta af starfseminni eftir því sem við átti. Þessi ráðstöfun var ekki einföld og krafðist mikillar útsjónarsemi og lausnamiðaðs starfsfólks. Engin Covid-smit komu upp hjá FMR á þessum tíma.

Fjarskiptamiðstöð er fyrsta viðbragð lögreglu, þar sem starfsmenn taka á móti símtölum og tilkynningum til lögreglu frá Neyðarlínunni 112. Þar eru verkefni flokkuð og útköllum forgangsraðað auk þess sem FMR annast útkallsstýringu alls útkallsliðs lögreglu á landinu og stýrir fyrstu aðgerðum lögreglu á vettvangi. Mörg verkefni eru afgreidd hjá FMR og þeim lokið þar.

Á árinu komu inn 85.813 símtöl eða verkefni frá 112 (samkvæmt málaskrá 112 árið 2021) sem er lítið eitt hærra en árið á undan.



Fjöldi símtala sem flokkast sem lögregluverkefni og voru flutt frá Neyðarlínu til FMR á árunum 2018-2020



Fjarskiptamiðstöð er bakland útivinnandi lögreglumanna og veitir þeim ýmsa þjónustu, sem dæmi má nefna uppflettingar í landskerfi lögreglunnar (LÖKE). Einnig aðstoðar FMR aðra lögreglumenn og ýmsar stofnanir með erindi sem berast með tölvupósti eða símtölum.

Fjarskiptamiðstöð er mikilvægur hluti af fyrsta viðbragði almannavarna auk þess að vera mikilvægur partur af áhöfn samhæfingarstöðvar almannavarna (SST). Hún er einnig samtengd starfsemi stjórnstöðvar ríkislögreglustjóra vegna sérstakra lögregluaðgerða (RST) og er einnig partur af áhöfn hennar. RST er virkjuð þegar ríkislögreglustjóri fer með stjórn og samhæfingu lögregluaðgerða á landsvísu.

Dæmi um frekari verkefni FMR:

- Vakt ríkislögreglustjóra vegna öryggismála æðstu stjórnar ríkisins
- Sér um samhæfingu talhópa á landsvísu í fjarskiptakerfi lögreglu, TETRA, auk þjónustu
- Þjónustar lögregluembætti við að nálgast hljóðupptökur úr TETRA og símkerfum
- Sér um umsýslu mála þar sem lögregluembætti óska eftir leit að týndum börnum
- Sér um neyðarleit hjá símafyrirtækjum, fyrir hönd lögregluembættanna, að týndu fólki sem talið er í bráðri lífshættu
- Vaktar símanúmer einstaklinga sem sæta ofbeldi, að beiðni lögregluembættanna

Innleiðing á flotastýringu fyrir lögreglu hélt áfram á árinu. Flotastýring þjónustar lögreglumenn með rafrænar upplýsingar og mælir útkallshraða lögreglu. Tæknin gerir lögreglumönnum kleift að fá upplýsingar um verkefni í síma og hafa þannig allar upplýsingar tiltækar á vettvangi.

Einnig var haldið áfram með innleiðingu IncidentShare sem er hugbúnaður sem gerir tilkynnanda kleift að deila myndefni beint til FMR sem getur miðlað áfram til útívinandi lögreglumanna.



Landamærasvið

Áhrif Covid-19

Verkefni landamæradeildar á árinu voru líkt og árið á undan lituð af áhrifum frá Covid-19. Aðlaga þurfti alla vinnu í samræmi við breyttar reglur varðandi faraldurinn og möguleg smit sem borist gætu til landsins við landamæri. Í lok ágúst voru gefnar út leiðbeiningar og voru þær þá orðnar 24 talsins sem bregðast þurfti við jafnóðum. Þá stýrði landamærasvið starfshópi stjórnvalda um ferðatakmarkanir og hélt úti upplýsingasiðu fyrir almenning um gang veirunnar á vef lögreglunnar ásamt því að viðhalda og uppfæra upplýsingar á innri og ytri vef embættisins.

Brexit

Áhrif vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu voru margvísleg og þá ekki síst á framkvæmd landamæraeftirlits. Frá 1. janúar 2021 þegar aðlögunartímabilinu var lokið töldust breskir ríkisborgarar til ríkisborgara þriðju ríkja og nutu því ekki lengur frjálsrar farar á EES/EFTA-svæðinu. Undantekning var fyrir breska ríkisborgara og fjölskyldumeðlimi þeirra sem nutu réttinda á svæðinu fyrir lok aðlögunartímabilsins. Allir breskir ríkisborgarar þurfa nú að sæta vegabréfaeftirliti ásamt öðrum ríkisborgurum þriðju ríkja. Þá er breskum ríkisborgurum ekki lengur heimilt að nota sjálfvirku landamærahlíðin en þeir voru langfjölmennasti notendahópurinn, eða rúm 41% notenda, árið 2019.



Landsgæðaúttektir (e. National Quality Control Mechanism)

Landamærasviði ber samkvæmt reglugerð Frontex að framkvæma gæðaúttektir og á þeim grundvelli var sett verklagsregla ríkislögreglustjóra um framkvæmd gæðaúttekta í landamæramálefnum, eða Landsgæðakerfi, á síðari hluta ársins. Aðferðarfræði úttekta byggir á sama grunni og Schengen-úttektarfyrikomulagið og er markmiðið að varpa rauntímastöðumynd á veikleika og styrkleika í landamæramálefnum á landsvísu. Með þessu eru lagðar fram tillögur um markvissar umbætur sem leggja grunn að auknum gæðum í framkvæmd, tryggja skipulögð og samræmd vinnubrögð og jafnræði í framkvæmd. Í landsgæðaúttektum eru þau lögregluembætti landsins heimsótt sem hafa landamærastöðvar, hvort heldur flugvelli og/eða hafnir, að minnsta kosti á tveggja ára fresti. Þá er einnig gerð úttekt á Landhelgisgæslunni og embætti ríkislögreglustjóra sem miðlægu stjórnvaldi í málaflokknum. Fyrsta landsgæðaúttektin var framkvæmd á Keflavíkurflugvelli í lok þessa árs, en síðan verður farið í önnur lögregluembætti í kjölfarið.

Schengen-úttektir og aðgerðaáætlun

Á vegum Evrópusambandsins og aðildarríkja Schengen-samstarfsins eru reglulega gerðar úttektir á því hvernig einstök aðildarríki fara að þeim reglum sem settar hafa verið vegna samstarfsins. Landamærasvið er ábyrgt fyrir Schengen-úttektum sem framkvæmdar eru í málaflokki ytri landamæra. Gerðar voru mannabreytingar á sviðinu til að efla embættið til að takast á við skuldbindingar varðandi innleiðingu og rekstur Schengen-kerfa.

Fjölmargar ferðir eru farnar á ári hverju á námskeið, ráðstefnur og fundi erlendis og oftast en ekki eru þær ferðir á vegum Frontex. Með innleiðingu á nýjum Schengen-upplýsingakerfum hefur jafnframt bæst töluvert í erlenda samstarfið.

NFPOC (National Frontex Point of Contact)

Landamærasvið hefur frá 1. júlí 2021 gegnt hlutverki tengiliðaskrifstofu Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (Frontex) á Íslandi, en það hlutverk tilheyrði áður LSS. Hlutverk tengiliðaskrifstofunnar er að fylgjast með NFPOC pósthólfinu þar sem öll erindi berast frá Frontex, m.a. um námskeið, fundi og tilkynningar, og koma þeim áfram á viðeigandi aðila og vera tengiliður þar á milli.

